

Fundargerð
317. stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn að Borgartúni 35
Fimmtudaginn 2. desember 2021 kl. 9⁰⁰ – 10⁴⁵.

Mætt:	Magnús Jóhannesson (MJ), formaður	Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
	Benedikt S. Benediktsson (BSB)	Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
	Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)	Gestir: Jóhann Guðjónsson (JG)
	Hildur Hauksdóttir (HH) (fjv.)	
	Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)	
	Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)	
	Eygerður Margrétardóttir (EM)	

1. Fundargerð síðasta fundar.

MJ nýr stjórnarformaður bauð fundarmenn velkomna. Lögð var fram fundargerð síðasta stjórnarfundar.

Samþykkt.

2. Ársfundur.

Á síðasta stjórnarfundum var ákveðið að halda ársfund níunda desember 2021. Farið var yfir að dagskrá verður með hefðbundnu sniði, formaður setur fund, ráðherra og stjórnarformaður flytja ávarp og síðan verður farið yfir ársreikninga, rekstur og starfið. Þá mun gestafyrirlesari frá Valipac í Belgíu fjalla um rekjanleika og endurvinnslu plastumbúða. Að lokum verða umræður. Fundurinn verður haldinn á Grand Hótel 9. desember 2021. Upplýst var að fundinum verður jafnframt streymt.

3. Sérstök söfnun.

Lögð var fram á fundinum tillaga um hvernig verkefni í tengslum við sérstaka söfnun gætu verið útfærð innan viðskiptalíkans Úrvinnslusjóðs, líkt og rætt var á síðasta fundi stjórnar. Sagt var samráðsfundum með ÚS og UAR vegna hringrásar hagkerfisins. Stjórnarmenn ræddu stöðuna. Lagt var til að finna öllum ákvæðum nýrra laga stað í viðskiptalíkani. Einnig var Úrvinnslusjóði falið fyrir næsta fund að leggja fram verkefnaáætlun til innleiða nýju lögina sem taka gildi 1. janúar 2023. Rætt var um framkvæmd á fræðslu vegna sérstakrar söfnunar.

Umræðu frestað.

4. Rafræn skilavottorð.

Á síðasta fundi var farið yfir stöðu mála varðandi áframhald vinnu við rafræn skilavottorð. Ákveðið var að leita álits hjá Ríkiskaupum varðandi útboðsskyldu. Niðurstaða Ríkiskaupa liggur fyrir og kveður á um útboðsskyldu. Staðfesting þessa efnis var lögð fram á fundinum. Úrvinnslusjóður hefur komið þessari niðurstöðu til Stafræns Íslands og leitað eftir viðbrögðum frá þeim.

5. Heyrúlluplast.

Frestað.

6. Raftæki.

Farið var yfir að Terra Efnaeyðing hefur skoðað leiðir til að koma kælitækjum til endurvinnslu, en aðrir þjónustuaðilar framselja kælitæki til þeirra. Tillaga þeirra gerir ráð fyrir að nauðsynlegt sé að hækka endurgjald um 7 kr/kg. Unnið er að því að finna fleiri farvegi fyrir stór tæki.

Umræðu frestað.

7. Starfið framundan.

Nýr stjórnarformaður ráðgerir að hitta stjórnarmenn á fundum á næstu dögum. Í stjórnargátt eru tillögur að fundartímum.

Rætt var samráð við Landvernd og Neytendasamtökin. Lagt var fram bréf á fundinum frá þessum samtökum. Ákveðið að MJ og ÓK muni hitta forsvarsmenn þessara samtaka. Einnig að þeir muni mæta fund Verkefnisstjórn sveitarfélaga um úrgangsstjórnun föstudaginn 10. desember kl. 9:30.

8. Önnur mál.

Engin.

Næsti fundur 16. desember 2021 kl. 09:00

Fundi slitið kl. 10:45